

Jafnlaunastefna Ölfuss

Sveitarfélagið Ölfus gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Skilgreining Sveitarfélagsins Ölfuss á launajafnrétti styðst við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Í 6. gr. Jafnréttislaga kemur eftirfarandi fram:

- *Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.*
- *Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.*
- *Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys að gera svo.*

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Sveitarfélagið Ölfus sig til að :

- Viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.
- Vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012.
- Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítinu við lög.
- Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega.
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti árlega þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Helstu niðurstöður skulu kynntar fyrir starfsfólki.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum þar sem þess er þörf.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega almenningi.

Bæjarritari ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Sveitarfélagsins Ölfuss og að það standist lög varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Stefna tekin fyrir og samþykkt á bæjarstjórnarfundi 04.04.2024.

Ábyrgðaraðili: Elliði Vignisson